

HS Orka hf.
Orkubraut 3
241 Grindavík

Reykjavík, 14. janúar 2022
Tilvísun: OS2020110032/10.4
Verknúmer: 4353415

Efni: Ákvörðun vegna kvörtunar HS Orku um gjaldtöku Netorku á kostnaði við söluaðilaskipti.

Þann 5. nóvember 2020 sendi HS Orka hf. (HS Orka) Orkustofnun kvörtun vegna gjaldtöku Netorku fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfi sem Netorka rekur. Nánar kvartaði HS Orka yfir því að Netorku væri ekki heimilt að taka gjald af söluþyrirtækjum raforku fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfinu þar sem skýrt sé tekið fram í reglugerð að dreifiveitur skuli annast flutning viðskiptavina sem færa sig til, milli eða frá söluþyrirtækja raforku. Því fylgi að dreifiveitum sé óheimilt að taka gjald fyrir það, svo sem fyrir hugbúnaðarkerfi sem notuð eru við þennan flutning viðskiptavina.

Orkustofnun vekur athygli á því að allt of langan tíma hefur tekið að leysa úr kvörtuninni. Það á sér nokkrar samverkandi ástæður en hlutaðeigandi aðilar eru beðnir afsökunar á drættinum sem orðið hefur úrlausn kvörtunarinnar.

Málsatvik

Í kvörtun HS Orku er rakið að söluþyrirtæki raforku eru krafín um greiðslu gjalda fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfi sem rekið er af Netorku. Að mati þyrirtækisins, hefur Netorka, sem sinnir hlutverki dreifiveitna við að halda utan um skráningu neytenda, neysluveitur og söluþyrirtæki raforku, ekki heimild til að innheimta gjald af söluþyrirtækjum raforku fyrir að halda utan kerfi sem heldur utan um skráningu á viðskiptavinum söluþyrirtækjanna¹. Aðallega er byggt á því að Netorka, sem er félag í meirihlutaeigu dreifiveitna, hefur m.a. verið falið það hlutverk dreifiveitna sem þær hafa samkvæmt raforkulögun og tengdum reglugerðum, að halda skrá yfir notkunarveitur á öllum dreifiveitusvæðum landsins svo tengja megi veiturnar við viðskiptavinum söluþyrirtækja raforku og annast eftir sk. söluaðilaskipti. Það er því mat HS Orku að samkvæmt 6. gr. 13. tl. reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar, sé það skylda dreifiveitna að annast söluaðilaskipti á markaði og þar með sé dreifiveitum eða umboðsmanni þeirra (Netorku) ekki heimilt að innheimta umrætt gjald fyrir að reka kerfi til að halda utan um söluaðilaskipti á raforkumarkaði. Máli sínu til stuðning bendir HS Orka á að Netorka innheimti ekkert gjald fyrir söluaðilaskipti í u.þ.b. 10 ár eftir að ákveðið var að neytendur gátu skipt um söluþyrirtæki raforku og þetta hafi ekki breyst fyrr en nýir söluaðilar komu inn á raforkumarkaðinn sem ótengdir voru eigendum dreifiveitna og þar með eigendum Netorku.

¹ Nafnið Netorka og hugtakið dreifiveita/-ur eru notuð jöfnum höndum yfir skipulagsheildir sem sinna tiltekinni starfsemi.

Málsmeðferð Orkustofnunar (athugasemdir aðila)

Orkustofnun sendi Netorku fyrirspurn vegna kvörtunar HS Orku þann 21. júlí 2021. Í fyrirspurninni var óskað eftir afstöðu Netorku til kvörtunarinnar sem og upplýsingum um tiltekin atriði sem varða kvörtunarefnið. Netorka svaraði fyrirspurn Orkustofnunar 9. september sl.

Að mati Netorku felur 13. töluliður 6. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 ekki í sér að sölufyrirtæki raforku geti verið í samskiptum við dreifiveitur vegna söluaðilaskipta sér að kostnaðarlausu heldur fjalli ákvæðið eingöngu um að skyldur dreifiveitna gagnvart viðskiptavinum og sölufyrirtækjum raforku sem lúta að því að halda skrá yfir veitur (neysluveitur) til að hægt sé að tengja sölufyrirtæki raforku við neysluveitur viðskiptavina í þeim tilgangi að viðskipti með raforku geti farið fram. Þannig og með þeim rökum felist ekki ákvæðinu skylda til að annast söluaðilaskipti á neysluveitum að öðru leyti en því að sú gerð sé hluti af því að halda skrá yfir viðskiptavinum fyrir hönd sölufyrirtækja og það sem slíkt sé að annast söluaðilaskipti. Netorka rökstyður þetta sjónarmið með tilvísun til 7. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 sem reglugerðarákvæðið sækir lagastoð til. Að mati Netorku er hvergi að finna í raforkulögum stoð fyrir því að dreifiveitur annast söluaðilaskipti fyrir sölufyrirtæki raforku að öllu leyti og greiði allan kostnað sem þeim fylgir. Því til stuðnings tekur Netorka til að þá hefði þá nánar verið tekið fram í lögnum heimild dreifiveitna til að rukka fyrir kostnað við söluaðilaskipti, hefðu dreifiveitur átt að bera hann einhliða að öllu leyti, líkt og tilgreint er nokkuð nákvæmlega varðandi önnur atriði sem varða fjárhag, verkefni og skipulag dreifiveitna í raforkulögum. Verkefni dreifiveitna og fjármögnun þeirra verkefna verði því að túlka með þröngum hætti í samræmi við löginn.

Um ástæður þess að Netorka innheimti ekki gjald fyrir kerfislega þjónustu við söluaðilaskipti neytenda fyrstu 10 árin eftir að raforkulögin tóku gildi segir í svari Netorku að dreifiveitur og sölufyrirtæki hafi ekki verið aðskildar rekstrareiningar fyrstu árin sem hægt var innheimta gjaldið. Enn fremur bendir Netorka á að nú þegar hafi eitt fyrirtæki þegar farið þá leið að reka sitt eigið kerfi til söluaðilaskipta. Í því samhengi eigi sölufyrirtæki sem vilja reka sitt eigið kerfi fyrir söluaðilaskipti, rétt á því að önnur sölufyrirtæki greiði fyrir kostnaðinn fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfunum sem þau nota hjá Netorku, m.a. af gagnsæis- og samkeppnisástæðum.


Netorka bendir á að í 2. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 1150/2019) kemur fram að að flutningskerfisstjóri skuli í samráði við dreifiveitur setja reglur um tilkynningar og staðfestingar milli viðskiptakerfa sem notuð eru á raforkumarkaði. Þessar reglur eru settar fram í netmálum Landsnets; B6 „Skilmálar um samskipti aðila á raforkumarkaði“ og B7 „Skilmálar um mæligögn, notkunarferil og notkunarferilsuppgjör“. Í skilmálunum kemur fram aðilum raforkumarkaðar sé gefin heimild til að fela öðrum framkvæmd og umsjón með einstökum atriðum varðandi samskipti á raforkumarkaði. Á þessum grunni byggir Netorka tilvist sína, það er að fyrirtækið sinnir ákveðnu hlutverki fyrir hönd dreifiveitna við að safna, vinna úr og miðla mæli- og uppgjörsgögnum fyrir íslenskan raforkumarkað ásamt því að halda utan um samskipti dreifiveitna vegna söluaðilaskipta á neysluveitum. Þannig sinnir Netorka lögbundnum skyldum dreifiveitna á raforkumarkaði en sinni einnig þjónustu við sölufyrirtæki, opinbera aðila og fyrirtæki með því að safna, vinna og úr miðla gögnum og upplýsingum um raforkumarkaðinn. Netorka fjármagnar starfsemina með þjónustusamningum við dreifiveitur en þær greiða um 90% af

tekjum Netorku. Í grunninn sinni Netorka því þremur lögbundnum verkefnum þ.e. grunngagnaþjónustu (fyrir söluaðilaskipti), miðlun og móttöku mæligagna (m.a. fyrir söluþyrirtæki raforku) og úrvinnslu mæligagna (fyrir uppgjör).

Netorka tekur í svari sínu einnig til þess að fyrirtækið sinnir öðrum verkefnum sem ekki eru lögbundin. Eitt af þeim er rekstur söluaðilaskiptakerfis fyrir söluþyrirtæki raforku sem er í raun ekki sama hugbúnaðarkerfi(-slag) og það hugbúnaðarkerfi(-slag) sem dreifiveitur þurfa að hafa til að halda utan um söluaðilaskipti hjá söluþyrirtækjum raforku og áður hefur verið lýst. Söluaðilaskiptakerfi söluþyrirtækjanna sjá þannig um stöðluð samskipti við söluaðilaskiptakerfi dreifiveitnanna og eru þetta í raun tvö aðskilin hugbúnaðarkerfi. Söluþyrirtæki raforku geta valið hvort að þau nýti sér söluaðilaskiptakerfi söluþyrirtækja raforku sem Netorka býður upp á eða komi sér upp slíkum kerfum sjálf.

Í svari Netorku kemur fram eftirfarandi mynd sem sýnir söluaðilaskiptakerfi Netorku (dreifiveitna) og hvernig það tengist söluaðilaskiptakerfi söluþyrirtækja raforku og öðrum kerfum Netorku:

Mynd 1 Yfirlit yfir hugbúnaðarkerfi Netorku



Söluþyrirtæki raforku, sem koma ný inn á raforkumarkaðinn og kjósa að fela Netorku rekstur á sínu söluaðilaskiptakerfi, fá uppsetningu á söluaðilaskiptakerfinu hjá sér að kostnaðarlausu. Netorka telur að með því fyrirkomulagi sé tryggt að ný söluþyrirtæki raforku sitji við sama borð og eldri söluþyrirtæki raforku sem voru áður samþætt dreifiveitum að því leyti að ný söluþyrirtæki raforku njóti þá þegar áfallins og áður greidds stofnkostnaðar við söluaðilaskiptakerfi söluþyrirtækja raforku sem Netorka býður söluþyrirtækjum raforku að nota. Þannig greiða söluþyrirtæki raforku, sem kjósa að hafa söluaðilaskiptakerfi í rekstri hjá Netorku, mánaðarleg þjónustugjöld sem samanstanda af gjöldum eins og föstu og breytilegu árlegu leyfisgjaldi, hýsingarkostnaði og vinnu við að reka söluaðilaskiptakerfið. Þessi gjöld nema nú kr. 47.796 sem er fast mánaðargjald og kr. 4,91 á hverja veitu í sölu hjá söluþyrirtæki.

Í fyrirspurn Orkustofnunar var einnig skipt um kostnað sem sölufyrirtæki raforku eru rukkuð um og hvaðan hann á uppruna sinn. Í svari Netorku kemur fram að kostnaður af kerfum Netorku, sem sölufyrirtæki raforku eru rukkuð um, kemur frá eftirfarandi þáttum sem birtir eru í þessari töflu:

Tafla 1: Kostnaðarskipting á hugbúnaðakerfum Netorku milli sölufyrirtækja raforku og dreifiveitna

Árlegur kostnaður í rekstri allra BFUS kerfa (kjarnakerfi)	Hlutdeild sölu-fyrirtækja	Hlutdeild Netorku
1) BFUS kerfi Netorku - Árleg leyfisgjöld	0%	100%
2) Söluáðilaskiptakerfi sölufyrirtækja – Föst/breytileg árleg leyfisgjöld	100%	0%
3) Aðlögun allra BFUS kerfa "Íslenska lausnin" - Árleg leyfisgjöld	0%	100%
4) BFUS Workflow - Árleg leyfisgjöld	67%	33%
5) Oracle leyfi - Árleg leyfisgjöld	33%	67%
6) QlikView (BI) - Árleg leyfisgjöld	0%	100%
7) BFUS þjónustusamningur við CGI - Árgjald	0%	100%
8) Hýsing á BFUS kerfum – Árgjald	33%	67%
9) Hýsing á Lettera eldra kerfi - Árgjald	0%	100%
10) Vinna Netorku við BFUS kerfi sölufyrirtækja – Árlegur	100%	0%
11) Vinna við uppfærslu á BFUS kerfum – Árlegur	33%	67%

Orkustofnun sendi Netorku að nýju fyrirspurn þann 22. október 2021 þar sem óskað var eftir frekari yfirliti yfir hugbúnaðarkerfin sem Netorka rekur til að sinna hlutverki sínu og hvernig nánari kostnaðarskiptingu er háttáð við rekstur þeirra það er hvaða áhrif það hefði á tiltekna kostnaðarliði ef að öll sölufyrirtæki raforku hættu að nota hætta að nota söluáðilaskiptakerfi sölufyrirtækja hjá Netorku. Netorka svaraði fyrirspurn Orkustofnunar 15. nóvember sl. Vegna fyrirspurnar Orkustofnunar breytti Netorka áætlaði kostnaðarskiptingu milli sín og sölufyrirtækja raforku. Í meðfylgjandi töflu kemur fram endurskoðuð hlutdeild sölufyrirtækja raforku sem fylgir notkun söluáðilaskiptakerfis sölufyrirtækja hjá Netorku:

Árlegur kostnaður í rekstri allra BFUS kerfa (kjarnakerfi)	Hlutdeild sölu-fyrirtækja	Hlutdeild Netorku	Hlutdeild sölu-fyrirtækja Eftir endurskoðun	Hlutdeild Netorku Eftir endurskoðun
1) BFUS kerfi Netorku - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	0%	100%
2) Söluáðilaskiptakerfi sölufyrirtækja – Föst/breytileg árleg leyfisgjöld	100%	0%	100%	0%
3) Aðlögun allra BFUS kerfa "Íslenska lausnin" - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	0%	100%
4) BFUS Workflow - Árleg leyfisgjöld	67%	33%	50%	50%
5) Oracle leyfi - Árleg leyfisgjöld	33%	67%	0%	100%
6) QlikView (BI) - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	0%	100%
7) BFUS þjónustusamningur við CGI - Árgjald	0%	100%	0%	100%
8) Hýsing á BFUS kerfum – Árgjald + rekstrarvinna hýsingaraðila	33%	67%	20%	80%
9) Hýsing á Lettera eldra kerfi - Árgjald	0%	100%	0%	100%
10) Vinna Netorku við BFUS kerfi sölufyrirtækja – Árlegur	100%	0%	100%	0%
11) Vinna við uppfærslu á BFUS kerfum – Árlegur	33%	67%	88%	12%

Að mati Netorku hefðu sölufyrirtæki raforku átt að bera lægri hlutdeild í þremur kostnaðarliðum en hærri í einum kostnaðarliði í gegnum tíðina af notkun söluáðilaskiptakerfisins sem Netorka býður sölufyrirtækjunum að nota eins og fram kemur í töflunni hér að ofan.

Í samræmi við þetta kemur fram að ef öll sölufyrirtæki raforku myndu hætta viðskiptum við Netorku, myndi kostnaður við tiltekna liði breytast með eftirfarandi hætti²:

Árlegur kostnaður í rekstri allra BFUS kerfa (kjarnakerfi)	Hlutdeild sölu-fyrirtækja	Hlutdeild Netorku	Áhrif á kostnaðarlið ef öll sölufyrirtæki hætta að nota söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja hjá Netorku
1) BFUS kerfi Netorku - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	Kostnaðarliður lækkar ekkert
2) Söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja – Föst/breytileg árleg leyfisgjöld	100%	0%	Kostnaðarliður lækkar um 100%
3) Aðlögun allra BFUS kerfa "Íslenska lausnin" - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	Kostnaðarliður lækkar ekkert
4) BFUS Workflow - Árleg leyfisgjöld	50%	50%	Kostnaðarliður lækkar um 50%
5) Oracle leyfi - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	Kostnaðarliður lækkar ekkert
6) QlikView (BI) - Árleg leyfisgjöld	0%	100%	Kostnaðarliður lækkar ekkert
7) BFUS þjónustusamningur við CGI - Árgjald	0%	100%	Kostnaðarliður lækkar ekkert
8) Hýsing á BFUS kerfum – Árgjald + rekstrarvinna hýsingaraðila	20%	80%	Kostnaðarliður lækkar um 20%
9) Hýsing á Lettera eldra kerfi - Árgjald	0%	100%	Kostnaðarliður lækkar ekkert
10) Vinna Netorku við BFUS kerfi sölufyrirtækja – Árlegur	100%	0%	Kostnaðarliður lækkar um 100%
11) Vinna við uppfærslu á BFUS kerfum – Árlegur	88%	12%	Kostnaðarliður lækkar um 88%.

Það er, kostnaður Netorku myndi breytast í sömu hlutföllum og endurskoðuð kostnaðarskipting er fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfum sölufyrirtækja hjá Netorku.

Orkustofnun sendi Netorku fyrirspurn að nýju þann 8. desember 2021. Í fyrirspurninni var óskað eftir upplýsingum um söluaðilaskiptakerfi Netorku sem fyrirtækið rekur fyrir sölufyrirtæki raforku og þá meðal annars hvernig greiðslum fyrir kostnað á kerfinu var háttað áður en byrjað var að rukka sölufyrirtæki raforku fyrir notkun kerfisins. Netorka svaraði fyrirspurn Orkustofnunar samdægurs. Í svarinu staðfestir Netorka þann skilning að söluaðilaskiptakerfið er hugbúnaðarlag sem að sölufyrirtæki raforku þurfa að hafa til staðar til að geta sent Netorku m.a. upplýsingar um viðskiptavini sína. Enn fremur upplýsir Netorka að „gjöld sem Netorka innheimti af dreifiveitu fóru í það greiða fyrir rekstur á söluaðilaskiptakerfum sölufyrirtækja áður en sölufyrirtækin byrjuðu að greiða fyrir reksturinn á þeim. Þann 1. maí 2018 byrjaði Netorka að rukka fyrir rekstur á söluaðilaskiptakerfum með reglulegum mánaðargreiðslum. Á sama tíma lækkaði verðskrá til dreifiveitna um 5% sem var sambærileg upphæð og innheimt gjöld sölufyrirtækja“.

Forsendur og niðurstaða

Með gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 voru gerðar grundvallarbreytingar á umhverfi raforkumála á Íslandi. Markmiðið er að skilja á milli náttúrulegra einokunarþátta raforkukerfisins (flutning og dreifingu raforku) og þátta þar sem samkeppni verður komið við (vinnslu og sölu á raforku). Tilgangur breytinganna var að koma á samkeppni um sölu og framleiðslu raforku með því að aðskilja slíka starfsemi frá dreifingu og flutningi raforku en í 1. tl. 1. gr. raforkulaga kemur fram að markmið laganna sé að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Sala á

² Samkvæmt yfirfarinni skiptireglu fyrirtækisins.

rafmagni fer þannig fram á frjálsum markaði. Önnur sjónarmið gilda um gjaldtöku fyrir þjónustu dreifiveitna og flutningsfyrirtækis.

Raforkumarkaðurinn er samkeppnismarkaður og í því felst frelsi viðskiptavina til að eiga viðskipti við þann raforkusala sem þeir kjósa. Opnun raforkumarkaðarins var tekin í nokkrum áföngum en frá og með 1. janúar 2006 gátu allir notendur valið sér raforkusala sbr. IV. bráðabirgðaákvæði raforkulaga nr. 65/2003.

Í 4. gr. reglugerðar 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar kemur fram að sölufyrirtæki geri raforkusölusamninga við sína viðskiptavini.

6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að dreifiveitur beri ábyrgð á mælingum og ómældri áætlaðri orkunotkun á sínu dreifiveitusvæði og þeim ber að skila gögnunum til viðkomandi aðila. Í því skyni ber dreifiveitum m.a. að mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi og miðla upplýsingum sölufyrirtækja vegna uppgjörðs á raforkuviðskiptum við kaupendur raforku og halda skrá yfir veitur á sínu dreifiveitusvæði með þeim hætti að tengja megi veituna við viðskiptavini sölufyrirtækja raforku og annast í því skyni söluaðilaskipti.

Í 38. gr. reglugerðarinnar kemur fram að flutningsfyrirtækið skuli í samráði við raforkufyrirtæki setja sérstakar verklagsreglur um samskipti, greiðslur og upplýsingastreymi milli flutningsfyrirtækisins og vinnslufyrirtækja, dreifiveitna, sölufyrirtækja og stórnotenda. Orkustofnun rýnir og/eða samþykkir þessar verklagsreglur í formi netmála.

Í netmála flutningsfyrirtækisins B6 er fjallað um skilmála og skilgreind eru samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli- og uppgjörsgögn, þar með talið gögn vegna skipta um sölufyrirtæki. Fram kemur 5. kafla netmálans að sölufyrirtæki raforku beri að tilkynna um raforkusölusamning við notendur dreifikerfisins til þeirrar dreifiveitu sem ábyrg er fyrir dreifisvæði notandans og við riftun raforkusölusamnings skal sölufyrirtæki tilkynna um lok orkuviðskipta til dreifiveitu. Enn fremur eru skyldur dreifiveitna tíundaðar og til viðbótar því sem fram hefur komið áður um skyldurnar, eiga dreifiveitur að halda skrá yfir grunn- og mæligögn fyrir hvern mælistað á dreifiveitusvæði sínu og halda skrá yfir sölufyrirtæki og jöfnunarábyrgðaraðila sem eru með sölu og jöfnunarábyrgð á þeirra dreifiveitusvæði. Í netmálanum eru samskiptum dreifiveitu og sölufyrirtækja einnig lýst. Þannig ber dreifiveitum og sölufyrirtækjum raforku að hafa samskipti á tilteknu skeytaformi. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að sölufyrirtæki raforku sendi dreifiveitu „Z03LK skeyti um raforkusölusamning“ og dreifiveitu ber að senda sölufyrirtæki raforku staðfestingarskeyti „í samræmi við PRODAT skeyti Z04LK eða Z04A“

Í 6. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 kemur fram að flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja almennar reglur um rekstur og stýringu raforkuflutnings sem Orkustofnun samþykkir. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í 3. og 4. mgr. en þær fjalla um hvað felst í rekstri flutningskerfisins og svo ábyrgri stýringu raforkukerfisins í heild. Ábyrg

stýring raforkukerfisins felur það í sér að haldið utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.

Í 17. gr. a. lið raforkulaga kemur fram að dreifiveitur dreifiveitur skuli setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr.

Í 25. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 kemur fram að dreifiveitum er óheimilt að innheimta gjald vegna skipta á söluaðila. Kostnaður vegna slíkra skipta skal borinn af dreifiveitu og skal tekið tillit til hans við setningu tekjumarka. Í raforkulögum nr. 65/2003 er dreifiveita skilgreind í 2. tl. 3. gr. sem fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Dreifiveitusvæði er landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku, sbr. 3. tl. 3. gr. Um dreifingu er fjalla í IV. kafla laganna. Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi dreifiveitusvæði. Dreifiveitum er skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari sbr. 7. tl. 3. mgr. 3. gr. raforkulaga. HS Veitur hf. hafa til dæmis einkarétt og skyldur til þess að dreifa rafmagn á veitusvæði fyrirtækisins sbr. 13. gr. raforkulaga. Notendur rafmagns á svæðinu hafa því ekki val um hvaða dreifiveitu þeir eiga í viðskiptum við. Þar sem viðskiptavinir geta ekki haft áhrif á það til hvaða fyrirtækis þeir leita ef þeir vilja tengjast raforkukerfinu þarf að tryggja að dreifiveitur uppfylli skyldur sínar samkvæmt ákvæði raforkulaga og reglugerða setta á grundvelli þeirra sem tryggja að samkeppni sé í vinnslu og viðskiptum með raforku og að aðeins sé greitt fyrir þann kostnað sem fylgir dreifingu raforku í samræmi við raforkulög.

Í skipulagi raforkumarkaðsins á Íslandi hafa stjórnvöld farið þá leið að láta dreifiveitur sjá um tiltekna þætti í samskiptum við kaupendur raforku, sem á öðrum mörkuðum sem byggja á notkun innviða eru jafnan á hendi sölufyrirtækja. Það liggur þó fyrir að samningagerð og gerð gagna tengt henni er á hendi sölufyrirtækja raforku. Enn fremur er það alveg skýrt samkvæmt lögum, reglum og í framkvæmd að sölufyrirtæki afli viðskiptavina eða missa viðskiptavini og tilkynna það til dreifiveitna. Það felur meðal annars í sér sölufyrirtæki raforku sjá um söluaðilaskipti.

Í netmálum flutningsfyrirtækisins, sem samþykktir hafa verið af Orkustofnun, kemur skýrt fram að sölufyrirtækjum raforku ber að sjá um tiltekna skeytasendingar við dreifiveitur, m.a. til að þeim sé kleift að tengja saman upplýsingar um neysluveitur, notendur þeirra, notkun neytenda o.s.frv. Söluaðilaskiptakerfið, sem Netorka býður sölufyrirtækjum að kaupa þjónustu að, er dæmi um slíkt kerfi. Söluaðilaskiptakerfi Netorku er því hugbúnaðarkerfi sem nauðsynleg eru og teljast hluti af starfsemi sölufyrirtækja raforku að starfrækja, enda gerir söluaðilaskiptakerfið sölufyrirtækjum raforku kleift að eiga í samskiptum við dreifiveitur til að tryggja að viðskipti sölufyrirtækjanna með raforku geti farið fram ganga.

Fram hefur komið við yfirferð á hugbúnaðarkerfum Netorku, og þá sérstaklega söluaðilaskiptakerfinu, sem sölufyrirtæki raforku geta notað, að allur kostnaður sem þau eru rúkuð um er viðbótarkostnaður

sem hlýst af notkun sölufyrirtækjanna af söluaðilaskiptakerfinu. Jafnframt kom fram að þessum kostnaði hefur ekki verið rétt skipt fram að þessu.

Það liggur jafnframt fyrir að sölufyrirtæki raforku geta, ef þau kjósa svo, rekið sitt eigið söluaðilaskiptakerfi, eins og reyndar eitt sölufyrirtæki raforku gerir þegar í dag.

Fram hefur komið að greiðslur fyrir söluaðilaskiptakerfið fluttust frá dreifiveitum til sölufyrirtækja raforku á sínum tíma og gjöld dreifiveitna lækkuðu við það. Áður hafði þessi kostnaður verið hluti af tekjumörkum dreifiveitna en er nú greiddur af sölufyrirtækjum raforku í samræmi við eðli máls. Áhrifin eru að rekstrargjöld í tekjumörkum dreifiveitna lækka til lengri tíma lítið, í samræmi við lagaákvæði um tekjumörk.

Það að kostnaður hafi ekki verið innheimtur af sölufyrirtækjum raforku fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfinu fyrr en fram koma sölufyrirtæki raforku sem eru ekki tengd eignarhaldslegum böndum við dreifiveitur er óheppilegt og í raun ekki í samræmi við markmið raforkulaga um uppskiptingu fyrirtækja á raforkumarkaði. Það breytir því hins vegar ekki að þessi kostnaður á heima hjá sölufyrirtækjum raforku.

Notkunargjald dreifiveitna fyrir söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja er ekki gjald fyrir söluaðilaskipti sem slíkt eða heldur gjald fyrir notkun á hugbúnaðarkerfi sem gerir sölufyrirtækjum raforku kleift að tryggja að notendur sem þau selja raforku, séu rétt skráð í kerfum dreifiveitnanna. Þannig er söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja raforku, óðháð því hver á eða rekur slíkt kerfi, nauðsynlegt sölufyrirtækjunum til að geta rekið sína starfsemi og má ekki rugla saman við umsjón dreifiveitna með miðlægum gögnum til að viðskipti með raforku geti farið fram.

Það að gjald hafi ekki verið rukkað af sölufyrirtækjum raforku í tiltekinn tíma af tilteknum ástæðum við breytingu á skipulagi raforkumarkaðarins geta ekki verið rök fyrir því að sölufyrirtæki raforku greiði fyrir aðföng, eins og söluaðilaskiptakerfi er, sem þau þurfa í starfsemi sinni, til að geta átt í viðskiptum með raforku og þar með samskiptum við dreifiveitur.

Ákvörðunarorð

Það er ákvörðun Orkustofnunar að gjaldtaka Netorku fyrir söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja, sem gerir sölufyrirtækjum raforku kleift að eiga í samskiptum við Netorku, sé í samræmi við 17. gr. a. lið raforkulaga nr. 65/2003, 4., 6. og 38. gr. reglugerðar 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar, netmála Landsets, B.6 og 25. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005. Hins vegar hefur fjárhæðin sem gjaldið er byggt á ekki verið í samræmi við rétta kostnaðarskiptingu eins og fram kom í gögnum málsins. Orkustofnun telur að þar sem Netorka starfar sem þjónustuveitandi, fyrir hönd dreifiveitna sem eru sérleyfisfyrirtæki, eigi Netorka að leiðrétta innheimta gjaldtöku af sölufyrirtækjum raforku sem notað hafa söluaðilaskiptakerfi fyrir sölufyrirtæki raforku þannig að gjaldið hafi verið og verði innheimt í samræmi þann raunkostnað sem Netorka hefur haft af því að veita þessa þjónustu.

Þessi ákvörðun byggir á því að sölufyrirtæki raforku bera ábyrgð á að gera samninga við sína viðskiptavinum og afla og miðla nauðsynlegum upplýsingum til dreifiveitna til að viðskiptin geti farið fram og ekki á að blanda saman kostnaði af sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi á raforkumarkaði. Þannig er tryggt að dreifiveitur mæli eða geti látið mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem þær afhenda eða taka við í samræmi við reglur þar að lútandi og miðlað upplýsingunum meðal annars til sölufyrirtækja raforku vegna uppgjors á raforkuviðskiptum. Þetta verklag byggir á skýrri heimild sérleyfisfyrirtækja á raforkumarkaði til að setja upp fyrirkomulag með verklagsreglum um samskipti, greiðslur og upplýsingastreymi meðal annars milli flutningsfyrirtækisins og vinnslufyrirtækja, dreifiveitna, sölufyrirtækja og stórnotenda, sem Orkustofnun hefur samþykkt í í formi netmála. Gjaldtaka Netorku af sölufyrirtækjum raforku fyrir notkun á söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja raforku er sem slík einnig í samræmi við viðmið sem dreifiveitur starfa eftir við setningu gjaldskrár, þó að framkvæmdin hafi ekki verið með réttum hætti út frá kostnaðarskiptingu á milli kerfa Netorku. Ástæðan er meðal annars til viðbótar því sem áður hefur komið fram, að þetta gjald er hvorki lagt á notendur eða sölufyrirtæki raforku við söluaðilaskipti á raforkumarkaði, þó að eðli málsins samkvæmt, taki gjald Netorku fyrir söluaðilaskiptakerfi sölufyrirtækja raforku meðal annars mið af fjölda veitna sem sölufyrirtæki hefur í viðskiptum hjá sér.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi dreifiveitna sæta kærni til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30 gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Orkustofnunar.

F.h. Orkustofnunar


Guðmundur I. Bergþórsson


Hanna Björg Konráðsdóttir

Afrit sent til:
HS Veitna ehf.
Netorku
Norðurorku ohf.
Orkubús Vestfjarða ohf.
RARIK ohf.
Veitna ohf.